

Nd.

757. Frumvarp til laga

um Þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Þjóðleikhúsið skal vera ríkisstofnun og lúta yfirstjórn menntamálaráðherra.

2. gr.

Í þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem tengdar eru leiksviði. Starfsemi þessa skal leikhúsið rækja svo, að hún verði sem öflugust stoð íslenzkri menningu. Höfuðhlutverk leikhússins skal vera að:

1. flytja íslenska og erlenda sjónleiki og enn fremur söngleiki og leikdansa eftir því sem við verður komið;
2. vera til fyrirmyndar um meðferð íslenzkrar tungu;
3. halda skóla til eflingar íslenzkri leikmennt.

Þjóðleikhúsið skal og annast flutning leikrita í ríkisútvarpinu, sbr. 10. gr. Það skal enn fremur, eftir því sem við verður komið, flytja sjónleiki utan Reykjavíkur og vinna að eflingu leiklistar hvarvetna á landinu.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar þjóðleikhússtjóra og skrifstofustjóra.

Enn fremur skipar menntamálaráðherra fimm menn í þjóðleikhúsráð, fjóra samkvæmt tillögum fjögurra fjölmennustu stjórnmalaflokkanna á Alþingi, en einn samkvæmt tillögu félags íslenzkra leikara. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins. Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri þjóðleikhússins. bæði fjárhag þess og efnisvali. Leita skal tillagna þjóðleikhúsráðs um allar meiri háttar ákvarðanir, er stofnunina varða.

Þjóðleikhússtjóri ræður fasta leikara til fimm ára í senn og gerir við þá ráðningarsamninga, enda samþykki þjóðleikhúsráð og menntamálaráðherra fjölda þeirra og ráðningarkjör. Skyld skal þeim að taka endurgjaldslaust þátt í flutningi þeirra leikrita, er þjóðleikhúsið skuldbindur sig til að láta ríkisútvarpinu í té samkv. 10. gr.

Þjóðleikhússtjóri ræður og aðra starfsmenn, en leita skal hann samþykkis leikhúsráðs og menntamálaráðherra, að því er snertir fjölda þeirra og ráðningarkjör.

Í reglugerð, er menntamálaráðherra setur, skal mælt fyrir um verkefni starfsmanna þjóðleikhússins hvers um sig og annað, er að stjórn og fyrirkomulagi leikhússins lýtur og þörf þykir að setja um fastar reglur.

4. gr.

Laun fastráðinna starfsmanna skulu ákveðin í launalögum. Þangað til það verður gert, skulu þau ákveðin af menntamálaráðherra með hliðsjón af ákvæðum launalaganna.

Leikhúsráð skal vera ólaunað.

5. gr.

Þeir starfsmenn þjóðleikhússins, sem ráðnir eru til minnst eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, skulu greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og njóta þar sömu réttinda og aðrir starfsmenn ríkisins.

6. gr.

Við þjóðleikhúsið skal starfa leikritanefnd, og eiga í henni sæti þjóðleikhússtjóri, fulltrúi frá leikhúsráði og fulltrúi frá fastráðnum leikurum, og skulu hinir tveir síðarnefndu kjörnir til þessa starfa til tveggja ára í senn. Nefndin skal ræða þau leikrit, er þjóðleikhússtjóri hyggst taka til sýningar, og skulu fulltrúar leikhúsráðs og leikara vera honum til aðstoðar við val leikrita.

7. gr.

Leikár telst frá 1. júlí til 30. júní.

Skipun starfsmanna þjóðleikhússins skal miða við leikár.

8. gr.

Þjóðleikhússtjóri skal fyrir lok júnímánaðar ár hvert afhenda menntamálaráðherra til athugunar og samþykktar frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár.

Í lok hvers leikárs skal þjóðleikhússtjóri afhenda menntamálaráðherra og fjármálaráðherra skýrslu og reikning um rekstur þjóðleikhússins á liðnu starfsári.

9. gr.

Við þjóðleikhúsið skal starfa leikskóli. Þjóðleikhússtjóri ræður kennara og annað starfslið hans.

Um rekstur hans skal kveða á í reglugerð.

10. gr.

Náið samstarf skal vera milli þjóðleikhússins og ríkisútvarpsins, eftir því sem ráðherra kveður á um. Þjóðleikhúsinu skal skylt að láta ríkisútvarpinu í té til flutnings ákveðinn fjölda leikrita á hverju leikári. Skulu þjóðleikhússtjóri og formaður útvarpsráðs velja leikritin í sameiningu og gera samning um flutning þeirra í upphafi hvers leikárs.

11. gr.

Þegar leikhúsið er ekki notað til leiksýninga, má nota það til hljómleikahalds og kvikmyndasýninga.

12. gr.

Verði tekjuafgangur af rekstri þjóðleikhússins, skal hann lagður í varasjóð þess. Verði rekstrarhalli, skal hann greiddur úr rekstrarsjóði þjóðleikhússins.

13. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmda laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í febrúar 1945 skipaði þáverandi menntamálaráðherra nefnd til þess að undirbúa rekstur þjóðleikhússins, og áttu þessir menn sæti í henni: Þorsteinn Ö. Stephensen, formaður, Brynjólfur Jóhannesson, Halldór Kiljan Laxness, Jakob Möller og Ólafur Björnsson. Er Jakob Möller varð sendiherra í Danmörku, lét hann af störfum í nefndinni, en Hörður Bjarnason tók þar sæti í hans stað. Nefnd þessi samdi frv. til laga um þjóðleikhús, og hefur það verið lagt til grundvallar við samningu þessa frv.

Samkvæmt frv. skal þjóðleikhúsið vera ríkisstofnun og lúta yfirstjórn menntamálaráðherra. Höfuðhlutverk þess skal vera að flytja íslenska og erlenda sjónleiki og enn fremur söngleiki og leikdansa, eftir því sem við verður komið. Jafnframt er heimilað að nota það til hljómleikahalds og kvikmyndasýninga, og í sambandi við það skal starfa leikskóli til eflingar íslenskri leiklist. Enn fremur skal þjóðleikhúsið annast flutning leikrita í útvarp og vinna að eflingu leiklistar hvarvetna á landinu.

Lagt er til, að stjórn þess annist þjóðleikhússtjóri, en við hlið hans starfi leikhúsráð, skipað 5 mönnum, og skal einn þeirra vera fulltrúi félags íslenskra leikara. Hlutverk leikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi þjóðleikhússins, fjárhag þess og rekstri. Við leikhúsið skal einnig starfa leikritanefnd, skipuð þjóðleikhússtjóra og

fulltrúum frá leikhúsráði og föstum leikurum. Skal hún fjalla um leikrit þau, er leikhússtjórinn hyggst taka til sýningar.

Þjóðleikhússtjóri ræður leikara og aðra fasta starfsmenn. Fjöldi þeirra, sem og ráðningarkjör, skal háður samþykki leikhúsráðs og menntamálaráðherra, en hann verður að sjálfsgöðu að miða við þarfir stofnunarinnar og fjárhagsgetu hennar. Gert er ráð fyrir, að laun fastráðinna starfsmanna verði ákveðin í launalögum, en þangað til það verður gert, skal menntamálaráðherra ákveða laun þeirra með hliðsjón af ákvæðum gildandi launalaga.

Gera má ráð fyrir, að nokkur halli verði á rekstri hins nýja þjóðleikhúss. Jafn- hliða þessu frv. leggur ríkisstjórnin því fyrir Alþingi frv. til laga um breytingu á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og er þar gert ráð fyrir, að frá 1. janúar 1948 renni 45% skemmtanaskattsins í sérstakan sjóð, rekstrar- sjóð þjóðleikhússins, og skal halli sá, er verður á rekstri þess, greiddur úr honum. Erfitt er að áætla með nákvæmni, hver muni verða rekstrarafkoma leikhússins, og verður reynslan að skera úr ýmsum atriðum í því sambandi. Að sjálfsgöðu verður þessi stofnun eins og aðrar að sníða sér slakk eftir vexti, og fjárframlög til hennar úr ríkissjóði hljóta að miðast við fjárhagsgetu þjóðarinnar. En mjög er þýðingarmikið, að þjóðleikhúsið geti hafið starf sitt af sem mestum myndarskap. Til þess hafa um langan aldur staðið miklar vonir. Er fé það, sem rekstrarsjóði leikhússins er ætlað, svo riflegt, að það ætti að geta orðið.

Frumvarp undirbúningsnefndar rekstrar þjóðleikhússins er prentað hér með sem fylgiskjal ásamt greinargerð nefndarinnar.

Fylgiskjal.

Lög um þjóðleikhús.

1. gr.

Þjóðleikhúsið skal rekið sem ríkisstofnun undir yfirumsjón menntamálaráð- herra.

2. gr.

Í þjóðleikhúsinu skal fara fram iðkun leiklistar almenningi til menntunar og yndisauka, svo og annarra þeirra listgreina, sem leiksviði eru bundnar. Í þeim til- gangi ber þjóðleikhúsinu að

1. flytja á listrænan hátt sjónleiki, skáldskaparlegs gildis,
2. flytja sjónleiki í formi sönglistar og danslistar, eftir því sem við verður komið,
3. vera til fyrirmyndar um meðferð íslenzkrar tungu,
4. halda skóla til eflingar íslenzkri leikmennt.

Starfsemi þjóðleikhússins er ætlað að ná til allra landshluta.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar leikhússtjóra, er hefur æðsta framkvæmdavald um allar ráðstafanir leikhússins. Enn fremur skipar menntamálaráðherra þessa starfsmenn við þjóðleikhúsið: leikstjóra, bókmenntaráðunaut og skrifstofustjóra. Leik- hússtjóri, leikstjóri og bókmenntaráðunautur skulu skipaðir til 5 ára í senn.

Í reglugerð, er menntamálaráðherra setur, skal skipað fyrir um starf þessara starfsmanna hvers um sig og um annað, er að stjórn og fyrirkomulagi leikhússins lýtur, og þörf þykir að setja fastar reglur um.

Leikhússtjóri ræður allt að 20 fasta leikara til 5 ára í senn og gerir við þá ráðn- ingarsamninga, enda samþykki ráðuneytið ráðningarkjör þeirra.

Framangreindum fastráðnum starfsmönnum má segja upp starfi, hvenær sem er með missiris fyrirvara til loka leikárs. Leikhússtjóri ræður enn fremur allt annað nauðsynlegt starfsfólk við leikhúsið.

4. gr.

Ráðherra ákveður laun fastráðinna starfsmanna að fengnum tillögum leikhússtjóra.

5. gr.

Starfsmenn þjóðleikhússins, sem ráðnir eru til minnst eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, skulu greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og njóta þar sömu réttinda og aðrir starfsmenn ríkisins.

Þeir af fastráðnum starfsmönnum þjóðleikhússins, sem áður hafa unnið hliðstæð störf í þágu íslenzkrar leiklistar, skulu einnig njóta eftirlaunaréttar fyrir þann starfstíma. Ráðherra ákveður réttindatíma hvers og eins að fengnum upplýsingum og tillögum félags íslenzkra leikara.

6. gr.

Við þjóðleikhúsið skal starfa leikritanefnd. Í nefnd þessari eiga sæti leikhússtjóri, leikstjóri, bókmenntaráðunautur og tveir fulltrúar, er fastráðnir leikarar kjósa til tveggja ára í senn (sbr. 7. gr.).

Leikritanefnd skal aðstoða leikhússtjóra við val leikrita.

7. gr.

Leikárið telst frá 1. júlí til 30. júní næsta ár. Leiksýningar skulu að jafnaði hefjast um miðjan september og ljúka um mánaðamót maí—júní. Skipun starfsmanna þjóðleikhússins skal miða við leikárið.

8. gr.

Leikhússtjóri skal fyrir lok júnímánaðar ár hvert afhenda menntamálaráðherra til athugunar og samþykktar uppkast að fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár.

Í lok hvers leikárs skal leikhússtjóri afhenda menntamálaráðherra og fjármálaráðherra skýrslu og reikning yfir rekstur þjóðleikhússins á liðnu starfsári.

9. gr.

Við þjóðleikhúsið skal starfa leikskóli. Leikhússtjóri ræður forstöðumann, kennara og annað starfslið leikskólans.

Um kennslu, kennara og nemendur skal ákveðið í reglugerð.

10. gr.

Náið samstarf skal vera milli þjóðleikhússins og ríkisútvarpsins eftir því sem ráðherra kveður á um.

11. gr.

Þegar leikhúsið er ekki notað til leiksýninga, má nota það til hljómleika til þroska tónlistarmenningu í landinu, svo og til kvikmyndasýninga.

Tekjur af leigu hússins til hljómleika og af kvikmyndasýningum ganga til reksturs leikhússins.

12. gr.

Skemmtanaskatti samkv. lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús og síðari breytingum, skal varið óskertum til reksturs þjóðleikhússins. Að svo miklu leyti sem skemmtanaskattur og aðrar tekjur leikhússins hrökkva ekki til rekstursins, skal reksturshallinn greiddur úr ríkissjóði. Verði tekjuafgangur af rekstri þjóðleikhússins, skal hann lagður í varasjóð leikhússins.

13. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um alla framkvæmd þessara laga, svo sem um störf starfsfólks, skyldur þess og réttindi, leiksýningar o. fl.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar frv. það til laga um Þjóðleikhús, sem hér liggur nú fyrir Alþingi, kemur fram, þer svo við, að merk tímamót hafa orðið í sögu íslenzkrar leiklistar. Fimmtíu ár eru liðin síðan Leikfélag Reykjavíkur var stofnað. Þetta voru fyrstu félagssamtökin sem efnt var til með því takmarki að gangast fyrir skipulegu leiklistarstarfi í höfuðstað landsins. Nokkrir áhugamenn um leiklist, sem höfðu æft og sýnt sjónleiki í ýmsum menningar- og stéttarfélögum bæjarins, en aðrir leikið sem skóla-sveinar og jafnvel samið leikrit, áttu frumkvæðið að stofnun leikfélagsins. Fram að þessu hafði leikstarfsemi, eins og að líkum lætur, verið háð tilviljunum og ekki miðað að ákveðnu marki, enda verið iðkuð við hin óhagstæðustu skilyrði, lélegan húsakost, skort kunnáttumanna til leiðbeininga og önnur vanefni. Þetta óskipulagða samstarf áhugamanna hafði þó þegar borið góðan ávöxt. Nokkrum mönnum og konum hafði gefizt tækifæri til að sýna ótvíræða hæfileika til þessarar listar, iðkendur hennar höfðu skilið hve gott og þroskandi viðfangsefni hún var og almenningur sýndi einstakan áhuga fyrir leiksýningum. Líklegt má telja, að ekki hafi öllum þeim, er frumkvöðlar gerðust að stofnun Leikfélagsins, verið það jafnljóst hvert menningarmál hér var um að ræða, en nú, eftir hálftrar aldar starf Leikfélagsins, jata allir, að hér var grundvöllurinn lagður að merkum þætti í íslenzku menningarlífi.

Forvígismönnum þessa máls mun þó snemma hafa orðið það ljóst, að betur þyrfti að búa að leiklistinni en enn hafði verið gert, ef keppa átti að eðlilegum framförum í þessari grein. Húsnæði það, sem Leiðfélagið varð að notast við, var mjög gallað og ófullkomið og þau kjör, sem leikurunum voru búin í starfi þeirra, urðu að breytast mikið til batnaðar ef vel átti að fara. Mjög snemma á starfskeiði félagsins hafa hinir glöggskyggnustu menn innan þess séð, að stefna varð að herra marki en því, að fámennur hópur áhugaleikara, sem litla möguleika hafði til nauðsynlegrar endurnýjunar, héldi áfram að iðka leik í tómstundum sínum, í ófullkomnum húsakynnum, þar sem vali viðfangsefna voru þau takmörk sett, að óviðunandi hlaut að verða til frambúðar. Jafnhliða því sem leiklistinni fór fram og fleiri hæfileikamenn gengu henni á hönd, jókst skilningurinn á því hlutverki sem hún var kjörin til að rækja í þágu almennrar menningar. Það takmark, sem stefna varð að, hlaut að vera það, að koma málefni leiklistarinnar á svipaðan grundvöll hér og aðrar menningarþjóðir höfðu fyrir löngu gert hjá sér. Reisa varð fullkomið leikhús, þar sem þeir menn, er fremstir voru í þessari grein, og höfðu með góðum hæfileikum, þrautseigju og ástundun náð ágætum árangri í list sinni, gætu helgað henni krafta sína alla og óskipta, og þar sem skilyrði yrðu sköpuð til þess að nýir kraftar kæmu fram, er fengju nauðsynlega menntun og lífvænleg starfskjör.

Með þetta takmark fyrir augum hóf Indriði Einarsson baráttu sína fyrir Þjóðleikhúsi í Reykjavík og meðan hann lifði stóð hann fremstur í flokki áhugamanna fyrir þessu máli. Hinn fyrsti raunhæfi ávöxtur þeirrar baráttu, er hann og samherjar hans háðu fyrir Þjóðleikhúsmálinu, voru löggin um skemmtanaskatt og Þjóðleikhús, sem sett voru af Alþingi árið 1923. Í þeim er ákveðið að stofna skuli Þjóðleikhússjóð og skuli skemmtanaskattur af öllu landinu renna í hann. Þjóðleikhússjóði skal verið til þess að koma upp Þjóðleikhúsi í Reykjavík og til að styrkja sjónleiki, sem að staðaldri verða sýndir í því húsi. Með þessu hafði mikill sigur unnizt fyrir málefni leiklistarinnar. Alþingi hafði ekki aðeins viðurkennt, að reisa þyrfti nýtt og fullkomið leikhús, heldur einnig sýnt framsýni og skilning á því að hér nægði ekki húsið eitt, heldur varð að tryggja að það starf, sem þar átti að vinna, bæri raunverulegan ávöxt fyrir menningu Þjóðarinnar. Fyrirnáeli laganna um það að skemmtanaskatturinn skyldi vera fastur tekjustofn Þjóðleikhússins, þegar það væri tekið til starfa, var skýlaus viðurkenning á því takmarki, sem stefnt hafði verið að. Leiklistin var menningargrein, sem Þjóðin hafði hæfileika til að iðka og njóta, framtíð hennar varð að tryggja.

Nú hófst saga byggingamálsins og verður farið fljótt yfir hana, þar sem hún er öllum kunn. Fyrstu árin gengu til undirbúnings málinu og olli ágreiningur um það hvar húsið skyldi standa, of langri töf. Árið 1928 var byrjað á byggingunni og áður en nýir erfiðleikar kæmu til sögunnar tókst að koma henni undir þak. Árið 1932 stöðvaðist verkið af þeim sökum, að þjóðleikhússjóðurinn var sviptur tekjum vegna fjárhagskreppu ríkisins. Þegar landið var hernumið á styrjaldarárunum tók brezkt setulið húsið til sinna afnota, og tókst ekki, þrátt fyrir itrekaðar tilraunir af hálfu þjóðleikhúsnefndar, Félags ísl. leikara, Leikfélags Reykjavíkur og stjórnarvaldanna að fá setuliðið til að rýma bygginguna fyrr en á árinu 1945. Var þá hafizt banda að ljúka smíði leikhússins. Nægilegt fé var í sjóði, þar sem Alþingi hafði samþykkt árið 1940, að skemmtanaskattur skyldi að nýju renna í þjóðleikhússjóð. Smíði hússins er nú það langt komið, að öruggt má telja að leiksýningar geti hafizt þar fyrir næstu áramót. Þann 19. febr. 1945 skipaði þáv. menntamálaráðherra, Brynjólfur Bjarnason, 5 manna nefnd, þá Þorstein Ö. Stephensen, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Brynjólf Jóhannesson, Halldór Kiljan Laxness, Jakob Möller og Ólaf Björnsson, til þess að gera tillögur um og hafa með höndum undirbúning að rekstri þjóðleikhússins. Þegar Jakob Möller fór af landi burt var Hörður Bjarnason skipaður í nefndina í hans stað. Í nóvember s. l. varð Ólafur Björnsson að hætta störfum í nefndinni vegna brottfarar af landinu. Nefndin hefur eftir föngum aflað sér vitneskju um rekstur leikhúsa í nágrannalöndunum til að hafa til hlíðsjónar við áætlanir sínar og tillögur um rekstur þjóðleikhússins.

Nú, þegar sú stund nálgast, að þjóðleikhússbyggingin verður fullbúin til afnota, er nauðsynlegt að almenningur í landinu, ekki síður en þing og stjórn, geri sér þess grein, hverjar kröfur og skyldur stofnun þjóðleikhúss hefur í för með sér fyrir ríkið.

Föst starfræksla þjóðleikhúss, með starfsári, þar sem gert er ráð fyrir að minnsta kosti 4 sýningum vikulega, getur ekki með nokkru móti orðið tómsundavinna nokkurra áhugamanna, manna, sem að loknum vinnudegi í óskyldum starfsgreinum eiga að hefja nýjan vinnudag við orkufrek og kröfuhörð liststörf um það bil, sem aðrir menn ganga til hvíldar.

Fast þjóðleikhús stendur og fellur með því, að til sé flokkur atvinnuleikara og annarra fastráðinna starfsmanna, sem geti unnið í þágu stofnunarinnar á venjulegum vinnutíma og séu tiltækir til nauðsynlegra æfinga á hvaða tíma dags sem er. Leikhús, sem hefur þó ekki sé nema þrjú leikrit í gangi í senn, hlýtur að gera kröfu til að ráða yfir föstum starfsmannaflokki, sem helgað geti stofnuninni allan vinnutíma sinn. Ef í þessu efni væri gert ráð fyrir einhverri annarri tilhögun, hlyti það að tákna uppgjöf allra þeirra hugmynda um þjóðleikhús, sem frá upphafi hafa vakað fyrir framkvöðlum þjóðleikhússbyggingarinnar og forvígismönnum leikmenntar í landinu, enda fjarri anda og ákvæðum laga um þjóðleikhússjóð. Það er ekki hugsanlegt, að nokkurt áhugamannafélag hafi vilja né getu til að leigja eða kaupa hús það, sem ríkið hefur byggt með nafni þjóðleikhúss, enda óhugsandi, að rekin verði í húsi þessu leikstarfsemi, sem sé einkafyrirtæki tómsundaleikara, leikhúsrekstur í svo dýrri byggingu og frekri á starfsmannahald mundi ekki freista einkafyrirtækja, allra sízt fátækra áhugalistamanna.

Þannig kemur upp spurningin um „að vera eða vera ekki“ í þessu máli: spurningin um að stofna þjóðleikhús eða gefast upp við þjóðleikhúshugmyndina að öðrum kosti, og láta húsið.

Hins vegar er engin sjáanleg ástæða til þess, að ríkið, sem hefur reist þjóðleikhúsið, kippi að sér hendi, þegar á að fara að koma á fót þeirri starfsemi, sem húsinu var ætlað að þjóna. Stofnun íslenzks þjóðleikhúss virðist aftur á móti eðlilegt tákni þess menningarlega vorhuga, sem vaxandi fjárhagsgeta þjóðarinnar gefur tilefni til, og sjálf þjóðleikhússbyggingin tjáir.

Við einstakar greinar frumvarpsins er þetta að athuga:

Um 1. gr.

Frá því undirbúningur var fyrst hafinn til byggingar Þjóðleikhússins, var til þess ætlað, að leikhúsið yrði ríkisstofnun, enda gert ráð fyrir því í lögum um skemmtanaskatt og Þjóðleikhús frá 1923. Ógerlegt er að reka leikhúsið á þann hátt sem gert er ráð fyrir í 2. gr. öðruvísi en sem ríkisstofnun.

Um 2. gr.

Um leikskólann vísast til greinargerðar um 9. gr.

Annars skýrir greinin sig sjálf að öðru leyti en því, að með niðurlagsákvæði hennar er ætlað til að leikhúsið sendi leikflokka út um byggðir landsins til að sýna þar sjónleiki. Þetta yrði einkum gert að vorinu til, svo og öðrum árstímum eftir því sem ástæður leyfðu. Enn fremur er svo til ætlað, að Þjóðleikhúsið sendi leikstjóra til að leiðbeina leikflokki utan Reykjavíkur.

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um skipan starfsmanna við Þjóðleikhúsið. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi leikhússtjóra, leikstjóra, bókmenntaráðunaut og skrifstofustjóra, en allir aðrir starfsmenn verði ráðnir af leikhússtjóranum, sem ber ábyrgð á gengi leikhússins, bæði fjárhagslegu og menningarlegu. Til þess að tryggja það, að þessum störfum gegni jafnan hæfustu menn, sem leggi alla krafta sína fram í þágu leikhússins, er svo ákveðið, að skipunartími leikhússtjóra, leikstjóra og bókmenntaráðunautar, er ráðherra skipar, svo og fastráðinna leikara, séu bundin við 5 ár, þó þannig að hægt sé að segja þeim upp starfi hvenær sem er með missiris fyrirvara til loka leikárs. Hins vegar þykir rétt að skrifstofustjóri verði ráðinn á sama hátt og aðrir starfsmenn ríkisins. Við öll meiri háttar leikhús er talið sjálfsagt að stjórn leikhússins hafi sér við hönd sérfræðing í bókmenntum. Gert er ráð fyrir að starf bókmenntaráðunautar sé ekki aðalstarf. Óhjákvæmilegt er að við leikhúsið starfi sérstakur leikstjóri, en að sjálfsögðu verður öðrum einnig falin leikstjórn. Þess skal getið, að við erlend leikhús starfa jafnan fleiri leikstjórar, auk þess sem leikstjórar við önnur leikhús innanlands og utan eru fengnir til að stjórna einstökum leiksýningum.

Á vegum Leikfélags Reykjavíkur starfa að jafnaði 40 leikarar. Við Þjóðleikhúsið í Osló starfa 45 fastráðnir leikarar, sem ekki gegna öðrum störfum, og álíka margir við Þjóðleikhús hinna Norðurlandanna. Gert er ráð fyrir, að á hverjum tíma séu sýnd tvö leikrit samhliða og að jafnframt sé verið að æfa önnur tvö leikrit. Leikendur verða að stunda æfingar að minnsta kosti 5 tíma á dag og leika að kvöldinu, auk heimavinnu við hlutverk sín. Af þessu má bert vera, að til þess að tryggja öruggan rekstur leikhússins verður ekki hjá því komið að allt að 20 fastráðnir leikarar, sem ekki hafa öðrum störfum að gegna, starfi við leikhúsið.

Þar sem leikhússtjórinn ber veg og vanda af starfsemi leikhússins er sjálfsagt að hann ráði starfsfólkið.

Um 4. gr.

Leikarar hafa nú nær allir leikstarfseuina í hjáverkum. Flestir þeirra gegna sæmilega launuðum störfum. Til þess að þeir helgi leikhúsinu óskipta starfskrafta sína verður að greiða þeim góð laun, sérstaklega þar sem hér er ekki um öruggt framtíðarstarf að ræða. Hins vegar er ekki talið fært að svo stöddu að ákveða launin með lögum, heldur verði laun hvers einstaks ákveðin af ráðherra. Laun annarra starfsmanna en leikara verða ákveðin í samræmi við svipuð störf annars staðar. Gengi leikhússins er fyrst og fremst undir því komið, að því takizt að fá í þjónustu sína hæfustu leikarana, sem völ er á á hverjum tíma.

Um 5. gr.

Enda þótt ákveðið sé, að leikarar og aðrir listamenn Þjóðleikhússins verði ráðnir til takmarkaðs tíma, má þó gera ráð fyrir því, sökum mannfæðarinnar, að

flestir þeirra vinni mest af sínu listamannsstarfi á vegum þjóðleikhússins. Það er því eðlilegt, að þeir fái sama rétt á eftirlaunum og öðrum tryggingum eins og aðrir starfsmenn ríkisins.

Þeir, sem fyrst verða ráðnir til starfa við þjóðleikhúsið, verða að sjálfsgöðu sömu mennirnir og undanfarið hafa haldið uppi leikstarfsemi í landinu við örðug skilyrði, en fyrir litla þóknun. Margir þeirra eru nú rosknir menn og mundu því ekki öðlast nema lítinn eftirlaunarétt, ef eingöngu væri miðað við starfstímann hjá þjóðleikhúsinu. Til þess að ráða bót á þessu, er hér ákveðið, að réttindi verði veitt fyrir fyrri starfstíma. Ráðherra ákveður réttindatímann í hverju einstöku tilfalli í samráði við Félag íslenskra leikara. Með lögum nr. 40 frá 15. febr. 1945 var fjölmörgum opinberum starfsmönnum veittur hliðstæður réttur. Þar sem leikararnir hafa að mestu unnið störf sín án launa, þótti þó ekki rétt, að láta þá borga fyrir þessi réttindi á sama hátt og aðra, heldur taki ríkið á sig þann kostnað, sem af því kann að leiða, og veiti mönnunum þar með nokkra viðurkenningu fyrir brautryðjendastarf þeirra.

Um 6. gr.

Við mörg stærri leikhús erlendis eru skipaðar sérstakar leikritanefndir. Hjá Leikfélagi Reykjavíkur hefur undanfarin ár verið starfandi slík nefnd félagsstjórninni til aðstoðar við val leikrita. Þessi skipan hefur gefið vel, og er sjálfsgött að halda henni. Hins vegar er hér fylgt meginreglunni, að leikhússtjóri hafi úrslitavaldið um val leikrita eins og önnur málefni leikhússins.

Um 7. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að leiksýningar hefjist um miðjan september og ljúki um mánaðamótin maí—júní. Reynslan hefur sýnt, að almennings sækir síður leiksýningar á sumrin heldur en á öðrum árstímum og leikarar og aðrir starfsmenn þurfa þá að fá hvíld frá störfum. Þó leiksýningar falli niður yfir sumarmánuðina fá leikarar lítið lengra sumarfrí en venjulegt er um opinbera starfsmenn. Fyrri hluta sumars sendir leikhúsið leikflokka til leiksýninga utan Reykjavíkur, en seinni hluti sumarsins verður notaður til þess að undirbúa leiksýningar fyrir næsta leiksýningartíma.

Um 8. gr.

Ákvæði fyrstu málsgreinar eiga að tryggja það, að menntamálaráðherra fylgist með starfi leikhússins. Sjálfsgött þykir að menntamálaráðherra samþykki fjárhagsáætlun leikhússins. Eins og öllum má vera ljóst, er eins og sakir standa miklum örðugleikum bundið að áætla fjárhagsafkomu leikhússins. Þrátt fyrir þessa örðugleika verður hér á eftir gerð slík áætlun og eru þá reikningar Leikfélags Reykjavíkur og þjóðleikhúsanna á Norðurlöndum hafðir til hliðsjónar.

G j ö l d : (Miðuð við núv. verðlagsvísitölu.)

Laun leikara og aukaleikara	kr.	850 000
Laun leikhússtjóra, leikstjóra, skrifstofustjóra, bókmenntaráðunautar og skrifstofufólks	—	200 000
Til hljómlistar	—	200 000
Ljósamenn, smiðir, málara, tjaldamenn o. fl.	—	300 000
Húsvörður, dyraverðir, gangaverðir, aðgöngumiðasalar, fatavarzla o. fl.	—	300 000
Leikskóli	—	50 000
Höfundalaun	—	50 000

Kr. 1 950 000

Ljós	kr.	50 000
Híti	—	100 000
Ræsting	—	100 000
Viðhald eigna	—	100 000
		<hr/>
	Kr.	2 300 000
Leiktjöld, húsgögn o. fl.	—	150 000
Búningar	—	100 000
Auglýsingar	—	50 000
		<hr/>
	Kr.	2 600 000
Óviss útgjöld	—	100 000
		<hr/>
Samtals	kr.	2 700 000

T e k j u r :

Í leikhúsinu eru áætluð 683 sæti. Leiksýningar áætlaðar 150 á ári (4 á viku á leikárinu). Aðgangseyrir að meðaltali kr. 15.00. 150 sýningar	
× 500 sýningargestir að meðaltali á 15 kr. sætið	kr. 1 125 000
Skemmtanaskattur, miðað við árið 1945	— 1 582 892
	<hr/>
Samtals	kr. 2 707 829

Þess skal getið, að verð aðgöngumiða er nú hjá Leikfélagi Reykjavíkur kr. 23.00 til 27.00, en hér er reiknað með kr. 15.00 fyrir hvert sæti að meðaltali, til þess að allur almenningur hafi efni á að sækja leikhús.

Um 9. gr.

Til þess að skapa öruggan grundvöll undir leikstarfseminu í landinu er óhjákvæmilegt að við leikhúsið starfi leikskóli. Gert er ráð fyrir að námstíminn verði 3 ár. Í skólanum er ætlað til að kennt verði að leika og lesa upp, íslenskt mál, leikbókmenntir, líkamsæfingar o. fl. Forstöðumaður og flestir kennarar verða valdir meðal fastráðinna leikara. Undanfarin ár hefur Lárus Pálsson, leikari, rekið leikskóla í Reykjavík, en frá honum hafa nú komið nokkrir ungir og efnilegir leikarar til starfa hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Auk þess hafa aðrir leikarar haft á hendi kennslu í leiklist, sem á sama hátt hefur styrkt leikstarfið.

Um 10. gr.

Þjóðleikhúsið og ríkisútvarpið eru nátengdar menningarstofnanir, sem geta á margan hátt styrkt hvor aðra. T. d. má hugsa sér að þessar stofnanir sameinist um að koma á fót fullkominni hljómsveit. Til þess að tryggja gott samstarf þessara stofnana er til þess ætlað, að ráðherra geti sett nauðsynlegar reglur á hverjum tíma.

Um 11. gr.

Sjálfsgætt er að leikhúsið verði notað eftir því sem föng eru á til hlómleikahalds, að svo miklu leyti sem það fer ekki í bága við leikstarfseminu. Hins vegar er það mjög vafasamt hvort hagkvæmt verður að hafa kvikmyndasýningar í leikhúsinu, en úr því verður reynslan að skera.

Um 12. gr.

Í 6. gr. laga nr. 56 1927 er svo ákveðið, að „skemmtanaskatturinn rennur í sérstakan sjóð, „þjóðleikhússjóð“. Honum skal varið til þess að koma upp „þjóðleikhúsi“ í Reykjavík og til að styðja sjónleika, sem sýndir verða að staðaldri í því húsi“. 12. gr. frv. er því staðfesting á téðu lagaákvæði.

Um 13. og 14. gr.

Greinar þessar þurfa ekki skýringu við.